

Nýjar reglur um velferð minka

Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið gaf nýlega út reglugerð nr. 1277/2014 um velferð minka sem byggist á nýjum lögum um velferð dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Reglugerðin var unnin samkvæmt hefðbundnu verklagi ráðuneytisins við gerð slíkra reglugerða og skipaði ráðuneytið vinnuhóp sem í sátu sérgreinadýralæknir loðdýra hjá Matvælastofnun, fulltrúi Sambands íslenskra loðdýrabænda og fulltrúi frá Dýraverndarsambandi Íslands. Vinnuhópurinn skilaði tillögu til ráðuneytisins sem vann áfram með málið þar til reglugerðin var gefin út.

Ýmis nýmæli má finna í reglugerðinni, sé hún borin saman við fyrrí reglugerð en í þeiri var lítið fjallað um aðbúnað dýranna og velferð þeirra, en meiri áhersla var lögð á vörsluheldni minkabúa-

í þeim tilgangi að tryggja ákveðna umhverfisvernd. Ný reglugerð fjallar ítarlegar um líðan og aðbúnað minkanna og er þannig mikilvægt skref í átt að bættri velferð, í anda laganna.

Sem dæmi um nýjar kröfur má nefna að umhverfi minka í hefðbundnum búrum skal sérstaklega auðgað með rörum, kubbum, boltum eða öðrum innréttungum sem veita örvun til að bæta líðan dýranna. Sums staðar eru í notkun sk. toppsýlindrabúr sem uppfylla nú þegar þessar kröfur en þau veita dýrunum betra tækifæri en hefðbundin einföld búr til að kanna umhverfi sitt og veita einnig afgrep þegar fleiri dýr eru saman í búri. Öllum minkabúum ber einnig að hafa sérstaka sjúkradeild þannig að hægt verði að sinna sjúkum eða særðum dýrum á viðunandi hátt.

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði

minka með góðri meðferð, umsjá og aðbúnaði. Tekið er fram að ákvæði í reglugerðinni eru lágmarkskröfur um aðbúnað, bændur geta gengið lengra í að bæta aðbúnað og þannig orðið við áskorunum samfélagsins hverju sinni.

Í eftirliti Matvælastofnunar á minkabúum hefur komið í ljós að minkabændur á Íslandi eru alla jafna með nokkuð líkan aðbúnað á sínum búum, hvað varðar búrustærðir, aðbúnað í hreiðurkassa og notkun á hálfmi. Þó eru nokkrir sem hafa kosið að fjárfesta sérstaklega í velferð á undamförnum árum og aðrir sem ekki hafa fylgt starfsbraðrum sínum í því að búa sem best að dýrunum í takt við nýja þekkingu. Reglugerðin mun styðja við jákvæða þróun á öllum búum, enda fer saman góður aðbúnaður og umönnun dýranna við góða afurð.

Reglugerðin er samræmd reglugerðum um velferð annars



búfjár í grundvallaratriðum er varðar aðbúnað og umhirðu, auk opinbers eftirlits og úttekta. Nú er þess krafist að allir sem koma að umönnun minka hljóti að lágmarki grunnbjálfun og fræðslu um eðli og þarfir minka og ber rekstraraðilum að geta lagt fram gögn því til sönnunar. Krafa er því um formlega fræðslu í umönnun minka og eru menntastofnanir og ráðgjafar í landbúnaði hvattir til að bregðast við slíkri eftirspurn.

Fleiri nýmæli er að finna í nýju reglugerðinni, en að lokum er vert að benda á kröfu sem gerð er til minkabænda um tiðni eigin eftirlits með dýrunum og taka þær kröfur mið af þörfum dýranna

fyrir umönnun hverju sinni, sem er mismunandi eftir árstínum og verkefnum á minkabúinu. Með reglugerðinni er sérstakur viðauki varðandi mat á sárum og áverkum og viðmið um hvenær beri að meðhöndla, kalla til dýralæknir eða framkvæma neyðaraflífum. Þar sem sár og áverkar geta fljótt orðið alvarlegir er mikilvægt að bændur séu meðvitaðir um það og bregðist hratt og rétt við. Pessir viðaukar auðvelda einnig allt eftirlit með heilbrigði og velferð minkanna.

*Sigríður Gísladóttir
Dýralæknir loðdýra
hjá Matvælastofnun*